

15. apríl 2010

Greinargerð

vegna umsóknar um starfsleyfi til 3000 tonna framleiðslu af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði

Fyrirtækið Þóroddur ehf (ÞO) hefur stundað þorskeldi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði frá árinu 2004, þegar fyrirtækið yfirtók fiskeldisrekstur frá útgerðarfyrirtækjunum Oddi hf á Patreksfirði og Þórsberg ehf á Tálknafirði. ÞO hefur starfsleyfi til framleiðslu á 398 tonnum af þorski í fjörðunum tveimur. Starfsmenn ÞO búa yfir viðamikilli þekkingu á eldi í sjókvíum og umhverfisskilyrðum til sjókvíaeldis í fjörðunum tveimur. ÞO hefur einnig staðið fyrir víðamiklum umhverfisrannsóknum á svæðinu árin 2002 og 2008/2009 og hefur þannig undirbyggt þekkingu sem tryggir sjálfbæra nýtingu á fjörðunum til fiskeldis.

Hér er gerð grein fyrir væntanlegri starfsemi samkvæmt 10. grein í reglugerð nr. 785/1999.

a) Lýsing á umfangi og uppdrætti af staðsetningum.

Gerð grein fyrir umfangi laxeldis og staðsetningu sjókvía í tilkynningu til Skipulagsstofnunar 27. október s.l. og er hér vísað til þeirrar tilkynningar (viðhengi1). Þrjár breytingar er á fyrirhuguðu á framkvæmd laxeldis frá því tilkynningin var send til Skipulagsstofnunar.

- (1) Það vîkur að eldisstöð fyrri laxaseiði. Laxaseiðin eru framleidd í eldisstöð í Þorlákshöfn, Íspór ehf, en ekki í fiskeldisstöð í Tálknafirði. Seiðin verða flutt með brunnbát frá Þorlákshöfn til Vestfjarða. (Sama á við um þegar laxinum er slátrað. Þá er fiskurinn fluttur lifandi með brunnbát í sláturhús. Fyrsta slátrun á laxi mun hefjast haustið 2011 og verður sótt um starfsleyfi fyrri þeirri framkvæmd í sérstakri umsókn.)
- (2) Lífrænn úrgangur verður endurnýttur en ekki urðaður eins og stendur í tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Til viðbótar því að frysta ósýktan og nýdauðan fisk í loðdýrafóður, er áætlað að framleiða meltu úr lífrænum úrgangi og nýta til jarðvegsbætingar.
- (3) Ákveðið er að allar eldiskvíar verða útbúnar með söfnunarkerfi fyrir dauðan fiski og fôðurleifar, svokallað „Liftup“ kerfi (www.liftup.no). Notað verður neðansjávar vídeokerfi til að fylgjast með fôðurtöku fisksins og þannig verður lögð mikil áhersla á að lágmarka fôðurleifarþ

Laxeldið verður bygg upp í þrepum og fyrirhugað er að framleiða allt að 3000 tonn árið 2015. Ráðgert er að setja út 200 þús seiði árið 2010 og 300 þús laxaseiði árið 2011, og 600 þús seiði árið 2012 og 850 þús seiði árið 2013 og árin þar á eftir.

b) Afrit af deiliskipulagi (á ekki við)

Framkvæmdin (staðsetning eldiskvía) munu fara fram í sveitarfélögunum Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Eldiskvíar eru staðsettar meira en 120 metra fjarlægð frá fjöruborði (utan netalaga) og eru því utan skipulagssvæðis sveitarfélaga. ÞO hefur starfsaðstöðu í landi (geymslur, fôðurlagar, starfsmannaaðstöðu) í húsnaði sínu við Strandgötu 27, Tálknafirði. Húsnaðið hefur starfsleyfi til meðferðar á fiski og fiskafskurði í dýrafóður (starfsleyfi nr: IS-A144). Í þessu húsnaði verður sýktur og sjálfdaður lax meltugerður.

c) *Lýsing á staðháttum á vinnslustað (skilið sem framleiðslusvæði).*

Vitnað er til umsóknar til Skipulagsstofnunar vegna lýsingar á staðháttum á framleiðslusvæðum á sjó (viðhengi 1).

d) *Upptalning á hráefnum og hjálparefnum.*

Til fóðrunar á laxinum verður notað þurrfóður framleitt úr viðurkenndum leyfilegum hráefnum s.s. fiskimjöl, fiskilýsi, plöntumjöl, snefilefni og vítamín. Heildarmagn fóðurs til framleiðslu á 3000 tonnum af laxi er áætlað 3.870 tonn. Áætlað er að fóðrið innihaldi að meðaltali 39% af próteini, 31% fita og 13% kolvetni. Seiðin verða bólusett fyrir öllum algengum bakteríusjúkdómum og því er ekki ráðgert að nota lyf við framleiðsluna.

Önnur hjálparefni eru eldsneyti á báta. Maurasýra til meltuframleiðslu á lífrænum útgangsefnum.

e) *Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í umhverfið.*

Gerð er grein fyrir lífrænum úrgangsefnum í tilkynningu til Skipulagsstofnunar (viðhengi 1).

f) *Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra losun út í umhverfið.*

Allar eldiskvíar verða útbúnar með norska kerfinu „Liftup“ (www.liftup.no), eins og áður greinir. Með slíku kerfi er dauðum fiski og fóðurleyfum lyft upp í affallskassa á yfirborði, með hjálp loftdælu. Kerfið dregur úr lífrænu álagi á eldissvæðið og veitir mikilvægar upplýsingar um afföll og fóðurleifar. Áætlað er að uppsafnaðar fóðurleifar verði óverulegar enda markmiðið að hámarka fóðurnýtingu. Þó verður ekki hjá því komist að tímabundið geti orðið lítilsháttar fóðurleifar. Þessi úrgangur er síðan fluttur í land þar sem þetta er malað upp í kvörn og blandað er 2% maurasýru og flutt yfir í geymslutank. Þetta hráefni er síðan notað til jarðvegsbætingar vegna skógræktar og landgræðslu í Vestur-Barðastrandssýslu. Ráðgjöf við meðferð á lífrænum úrgangi í þessum tilgangi er sótt til fleiri sérfræðinga. Meðal annars var talað við Aðalstein Sigurgeirsson, forstöðumann hjá Skógræktinni á Mógilsá; Birgir Þórðarson hjá Heilbrigðis-efirliti Suðurlands.

g) *Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.*

ÞO hefur gert samkomulag við Náttúrustofu Vestfjarða um vöktun á hugsanlegum áhrifum af botnfalli á botndýralíf og lífræn næringarefni á sjávarbotni undir og í nágrenni eldissvæða (viðhengi 2)

h) *Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.*

Fyrirtækið skrá skipulega hráefnanotkun og úrgangsefni í samræmi við reglugerð nr 851/2002 og færa grænt bókhald. Á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um að ÞO taki upp vottað umhverfisstjórnunarkerfi.

i) *Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og lýsing á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs.*

Hér er vísað til meltuvinnslu á lífrænum úrgangi, undir lið f.

j) Lýsing á tegund og magni úrgangs.

Magn á botnfall frá fiskeldiskvíum er útskýrt í tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Til viðbótar saur og mögulegum fódurleyfum er áætlað að magna af dauðum fisk verði um 50 tonn árlega. Áætlað er að 25 tonn verði notað í loðdýrafóður og 25 tonn fari til meltuframleiðslu.

Tómir fódursekkir er annar úrgangur sem fellur til við framleiðsluna. Fóður er flutt til svæðisins í 600 kg trefjaplastsekkjum. Samtals eru því fluttir 6.300 stk af fódursekkjum til svæðisins. Þessi fódursekkir verða fluttir til Sorpu í Reykjavík til förgunar.

k) Lýsing á öðrum ráðstöfunum í samræmi við 14. grein í reglugerð um starfsleyfi

14. gr í reglugerð nr 785/1999 fjallar um nýjan atvinnurekstur og á ekki við í þessu tilvik, því fiskeldi í sjókvíum hefur verið stundað hjá Þóroddi frá árinu 2004. Þá er í 14. gein fjallað um samþættingu mengunarvarna og mengun á einu svæði hafi ekki í för með sér mengun á öðru svæði. Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir aðföngum og losun út í umhverfið.

Sverrir Haraldsson